



Reykjavík, 15. nóvember 2018
R11060102
6610
ÞLÓ/bþ

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 - Sundahöfn

Á fundi borgarráðs þann 15. nóvember 2018 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 7. nóvember 2018, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 7. nóvember 2018 á auglýsingu á tillögu um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 vegna stækkunar á hafnarsvæði við Sundahöfn, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að forgangsraða framkvæmdum við landfyllingar. Landfylling við Sundahöfn er æskileg vegna þess að þar liggja fyrir áform um uppbyggingu, ólíkt Örfirisey. Að auki gefur sú landfylling svigrúm til útfærslu ylstrandar í tengslum við útivistarsvæðið við Laugarnes, sem er spennandi kostur til framtíðar.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að nýta efni frá framkvæmdum í landfyllingar. Heppilegra hefði verið að nýta þetta efni í landfyllingar við Örfirisey en sá valkostur var því miður ekki borinn saman við Sundahöfn. Hugmynd um ylströnd lítur vel út en gæti lyktað illa ef ekki er gætt að nálægð við fráveitu eins og bent er á í umsögn Veitna og Heilbrigðiseftirlitsins.



Þórhildur Lilja Ólafsdóttir
e.u.